

13. fundur fagráðs slökkviliðsins

Þann 25. maí 2021 var haldinn fundur í fagráði Slökkviliðsins. Tilfni þess var að byggðarráð Borgarbyggðar vísaði framkominni forgangsröðum á fjárfestingum og fjármunum fyrir 10 ára áætlun Slökkviliðs Borgarbyggðar til umsagnar fagráðs slökkviliðsins. Jafnframt var ákveðið að taka til umfjöllunar önnur mál sem brýnt var að fjalla um sem eru í samræmi við erindisbréf fagráðsins.

Til fundarins eru mættir:

1. Bjarni Kristinn Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri.
2. Heiðar Örn Jónsson, varaslökkviliðsstjóri.
3. Þórður Sigurðsson, varðstjóri.
4. Friðrik Pálmi Pálmason, varðstjóri.
5. Sigurþór Ágústsson, formaður Neista.
6. Björn Björnsson, varðstjóri, Hvanneyri.
7. Flosi H. Sigurðsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og þjónustusviðs.

1. Forgangsröðun slökkviliðsins

Heiðar Örn Jónsson, fer yfir þá forgangsröðun sem lögð var til á fundi Neista með slökkviliðsstjórum. Forgangsröðunin er samþykkt einróma. Fagráðið leggur til að slökkviliðsstjóri og aðstoðarslökkviliðsstjóri verðmeti þær tillögur sem fram komu í fundargerð Neista og slökkviliðsins og sendi erindi að nýju inn til byggðarráðs.

2. Samningar um brunavarnir við Skorradal

Flosi H. Sigurðsson fer yfir stöðu samningaviðræðna við Skorradal, en fyrir liggur að á næstu vikum þurfi að endurnýja samninga við Skorradal, þ.m.t. um slökkviliðsmál. Heiðar Örn Jónsson fór yfir þær kröfur sem gera þarf vegna Skorradals í ljósi reynslunnar um hættu á gróðureldum. Ályktun fagráðsins er sú að gera þurfi ríkar kröfur gagnvart Skorradalshreppi í umræðum um nýjan samning Borgarbyggðar um slökkviliðsmál, þ.m.t. um aðgengi slökkviliðsins að Skorradal og einstökum svæðum þar, flóttaleiðir verði skipulagðar sem slökkviliðsbílum eru færir. Skorradalshreppur beiti skipulagsvaldi sínu til þess að minnka hættu á gróðureldum í samræmi við tillögur slökkviliðsstjóra ásamt því að nauðsynlegur búnaður sé til staðar á svæðinu, s.s. í áhaldahúsi.

3. Dósagámur á slökkviliðsstöð

Fyrir liggur að samþykkt hefur verið af hálfu slökkviliðsstjóra að gámur væri settur þar sem tekið væri á móti dósam í gám á lóð slökkviliðsins. Fagráðið telur mikilvægt að þessi ráðstöfun standi eins stutt og mögulegt er og starfsemi dósamóttökunnar verði fundinn annar staður án tafar.

4. Önnur mál

Varaslökkviliðsstjóri upplýsir að HMS mun koma og taka út slökkvistöðvar í Borgarbyggð þann 3. júní nk., sem gæti haft áhrif forgangsröðun slökkviliðsins komi skýrslan illa út.

Slökkviliðsstjóri telur mikilvægt að betri aðstaða verði fengin fyrir slökkviliðsstöð á Bifröst. Fyrir liggur samningur við Háskólann á Bifröst þar sem háskólinn hefur skuldbundið sig til þess að veita slökkviliði húsnæði á Bifröst. Leggur fagráðið til að farið verði í viðræður við Háskólann í Bifröst varðandi nýtt húsnæði.

Jafnframt var rætt um aðstöðu slökkviliðsins á Hvanneyri en hún uppfyllir ekki þær kröfur sem gera þarf til húsnæðis slökkviliðsstöðvarinnar. Lýsir fagráðið yfir þungum áhyggjum yfir húsnæðisaðstöðunni á Hvanneyri.

Ákveðið er á fundinum að halda fundi fagráðs að minnsta kosti ársfjórðungslega. Boðað verði til næsta fundar fagráðs í ágúst.

Fundi var slitið kl. 16:21

Fundargerðin er staðfest í tölvupósti af fundarmönnum, en undirrituð af fundarritara.

Rósi H.

